

Nd.

556. Frumvarp til laga

[173. mál]

um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í umdæmi sínu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu sveitarfélagsins. Þá er og einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimilt að mynda með sér félög um sameiginleg tryggingasvæði.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- eða sveitarsjóðs og rikissjóðs.

Tekjur, sem bæjar- eða sveitarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsg., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseiganda eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

2. gr.

Áður en bæjar- eða sveitarstjórn gerir samkv. 1. málsg. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsg. 1. gr.

3. gr.

Skýlt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjar- eða sveitarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa á tryggingasvæðinu.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lög taki.

5. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.